

Mýrarhúsaskóli

Sjálfsmatsáætlun 2024 - 2028



Ábyrgðarmaður
Kristjana Hrafnisdóttir



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Mýrarhússkóli	3
3.	Framkvæmd	6
4.	Lokaorð	11
5.	Heimildaskrá	13



1. Inngangur

Í eftirfarandi sjálfsmatsáætlun verður gerð grein fyrir því hvernig sjálfsmati verður sinnt í Mýrarhúsaskóla skólaárin 2024-2027. Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum, greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Markmiðið er að styrkja innviði starfsins, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara (Sigríður Sigurðardóttir, 2016).

Samkvæmt lögum um grunnskóla (91/2008) ber hverjum skóla að meta starfið með kerfisbundnum hætti, í 36. grein stendur:

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í 35 grein er rætt um markmið matsins:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Það er því að mörgu að hyggja þegar sjálfsmatsáætlun er gerð og nauðsynlegt að vandað sé til verka. Í þessari áætlun verður lögð áhersla á að uppfylla þau markmið sem sett eru skv. lögum og reglugerðum en einnig verður horft til þátta sem matsfræðin leggja áherslu á.

Í fyrsta kafla kynnumst við Grunnskóla Seltjarnarness, fáum upplýsingar um markmið og tilgang matsins svo og matsteymið. Í öðrum kafla er fjallað um áhrif ytra mats á sjálfsmat skólans, kenningar og nálganir. Í þriðja kafla er komið að sjálfsmatinu sjálfu, aðferðum og framkvæmd, grunni að sjálfsmatsáætlun, öðrum matsverkefnum o.fl. Í viðauka við sjálfsmatsáætlunina er að finna ítarlega lýsingu á grunni sjálfsmatsáætlunarinnar auk fylgiskjala.

2. Mýrarhúsaskóli

Mýrarhúsaskóli er einn elsti grunnskóli landsins, stofnaður árið 1875. Þann 1. ágúst 2004



voru skólarnir á Seltjarnarnesi, Mýrarhúsaskóli og Valhúsaskóli, sameinaðir undir nafninu Grunnskóli Seltjarnarness. Grunnskóli Seltjarnarness starfaði í 20 ár en honum var aftur skipt upp í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla 1. ágúst 2024. Skólarnir starfa þó þétt saman enda mikilvægt að samfella sé í skólagöngu nemenda.

Í Mýrarhúsaskóla eru nemendur í 1. – 6. bekk. Skólaárið 2024-2025 eru u.þ.b 340 nemendur. Góð íþróttaaðstaða er við skólann en íþróttahús, sundlaug og gervigrasvöllur eru í næsta nágrenni við skólann. Tónlistarskólinn er einnig miðsvæðis og er öflugt samstarf á milli skólanna og nemendur geta stundað tónlistarnám á skólatíma. Gott samstarf er einnig við Leikskóla Seltjarnarness sem er skammt frá skólanum, enda koma langflestir nemendur í 1. bekk úr Leikskóla Seltjarnarness.

Boðið er upp á lengda viðveru fyrir nemendur í 1. – 4. bekk, Skólaskjól fyrir nemendur í 1. og 2. bekk og Frístund fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Nemendum í 5. og 6. bekk býðst að taka þátt í frístundastarfi á vegum félagsmiðstöðvarinnar Selið, 1-2 sinnum í viku.

Í nágrenni skólans eru margar náttúruperlur sem kennarar nýta til að auka fjölbreytni kennslunnar. Í Gróttu er fjölskrúðugt fuglalíf, gífurlegur fjöldi plantna og fjölbreytt lífríki sem vert er að skoða. Þar er fræðasetur, sem skólinn hefur aðgang að og góð aðstaða fyrir ýmiss konar kennslu. Aðrir áhugaverðir staðir í nágrenni skólans eru t.d. Seltjörn, Bakkavík, Bakkatjörn og Valhúsahæð.

Í Mýrarhúsaskóla er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Stefnt er að því að nemendur njóti og hafi gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu. Áhersla er lögð á að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu sem og áhersla á heilbrigðan metnað, alhliða þroska og menntun hvers og eins, jákvæðan aga og virka þátttöku alls skólasamfélagsins.

Áhersla er lögð á að laða að og halda í metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda þar sem gagnkvæm virðing og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á stöðuga símenntun starfsfólks og að starfsumhverfi sé í stöðugri endurskoðun, endurmati og þróun. Boðið er upp á heitan mat í hádeginu alla skóladaga.

Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð og vellíðan og er þeim ætlað að gefa tóninn fyrir skólabraginn og vera leiðarljós í öllu starfi skólans.

Skólinn starfar eftir skólastefnu Seltjarnarness.

2.1 Tilgangur og markmið matsins

Í *Leiðbeiningum um innra mat grunnskóla* (Sigríður Sigurðardóttir, 2016) kemur fram að innra mat snúist um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni



saman að umbótum. Vel þróða innra mat leiðir af sér:

- Aukin gæði náms og betri námsárangur
- Eflingu fagmennsku og styrkingu lærdómssamfélags
- Betri upplýsingagjöf og innra eftirlit

Tilgangurinn er því eins og fram kom í inngangi að leggja grunn að sívirkri umbótastarfi í skólanum og greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Ekki má gleyma því að skólastarf snýr fyrst og fremst að nemendum og fjölbreyttum árangri þeirra. Þess vegna er mikilvægt að huga að öllum sviðum skólastarfsins en þau hafa vissulega áhrif á námsárangur.

Markmið innra mats Mýrarhúsaskóla er:

- Að leggja mat á gæði kennslu og náms
- Að fylgjast með framförum og árangri nemenda
- Að leggja mat á skólastjórnun og faglega forystu
- Að tryggja öruggt námsumhverfi án aðgreiningar
- Að efla samfélag og þátttöku foreldra
- Að nota gögn til upplýstrar ákvarðanatöku og umbóta í skólanum

Þrátt fyrir að fyrst og fremst sé horft til innra mats í þessari áætlun fléttast ytra mat einnig inn í matið. Skólinn nýtir kannanir sem gerðar eru af utanaðkomandi aðilum til að greina stöðu og þarfir innan skólans og er það mikilvæg viðbót við innra matið.

Eins og fram kom í lýsingu á skólanum hér fyrir framan leggur skólinn áherslu á nemandann og þarfir hans. Með hliðsjón af því verður lagt mat á eftirfarandi þætti:

1. Hvort skólinn hafi skýra sýn og styrka stjórn?
2. Hvort kennsluhættir og mat mæti ólíkum þörfum nemenda og bæti árangur þeirra?
3. Hvort nemendum líði vel í skólanum og hvort þeir hafi áhuga á náminu?
4. Hvort það sé góður starfsandi í skólanum að mati starfsmanna og áhugi á skólaþróun?
5. Hvort foreldrar séu ánægðir með samstarfið á milli heimila og skóla?

Matið lagar ekkert eitt og sér heldur það sem gert er í kjölfarið því er lögð áhersla á að gera matið skýrt og aðgengilegt og birta sjálfsmatsáætlun, umbótaáætlun svo og allar niðurstöður á vefsíðu skólans.

2.2 Matsteymið

Í matsteymi Grunnskóla Seltjarnarness sitja 7 fulltrúar. Skólastjóri auk fulltrúa annarra stjórnenda, kennara og starfsmanna. Upplýsingar um fulltrúa í matsteymi er að finna á vefsíðu skólans. Forsenda fyrir setu í matsteymi er að fulltrúar hafi áhuga á mati og sjái tilgang með því. Teymisstjóri er einn þessara sex fulltrúa sem teymið kemur sér saman um. Fulltrúar í teyminu sitja í því í 2 ár en lögð er áhersla á að ekki hætti allir í einu heldur




að fulltrúum sé skipt út árlega. Kennarar á bókasafni aðstoðar við innra mat fyrst og fremst með því að sjá um fyrirlögn nemendakönnunar Skólapúlsins.

Það er teymisins að setja niður sjálfsmatsáætlun skólans. Engu að síður setja lög og reglugerðir ýmsar kvaðir á herðar skólans varðandi mat og því liggur fyrir grunnur að matsþáttum sem teymið útfærir nánar. Teymið leggur áætlunina fyrir skólaráð þar sem sitja fulltrúar foreldra, nemenda og grenndarsamfélags og geta þeir gert athugasemdir við matsþætti og framkvæmd og eða komið með tillögur að nýjum matsþáttum.

3. Framkvæmd

Í innra mati (sjálfsmati) er skoðað hvernig gengur að vinna að framgangi stefnu og markmiða skóla sem sett eru fram í skólanámskrá og starfsáætlun skólans (Sigríður Sigrðardóttir, 2016). Innra mat hefur hvorki upphaf né endi heldur er það ferli sem sífelldur er endurtekið. Eins konar uppgjör meðniðurstöðum og umbótaáætlun verður þó til árlega.



Því er mikilvægt að hluta það niður í vel framkvæmanlegar einingar og í Mýrarhúsaskóla hefur verið ákveðið að setja verkefnin niður á mánuði, til að ná betur utan um þetta viðfangsmikla verkefni.

3.1 Gagnaöflun

Við mat á skólastarfi er nauðsynlegt að hafa í huga að hægt er að meta á marga mismunandi vegu. Oft detta matsteymi í þá gryfju að hafa allar upplýsingar meginndlegar en nýta sér fáar aðrar aðferðir við upplýsingaöflun. Meginndlegar aðferðir hafa þá kosti að



auðvelt er að vinna úr gögnum, svörun er yfirleitt ágæt og með þeim má ná til stórs hóps. Niðurstöður eru tölfræðilegar og oftast auðlæsilegar auk þess sem auðvelt að setja viðmið sem flestir skilja. Skólapúlsinn, sem sér um ýmsar mælingar fyrir marga skóla, nýtir sér megindlegar rannsóknaraðferðir og gerir það vel og geta skólar borið sig saman við aðra skóla og séð hvar þeir standa í þeim samanburði. Hins vegar er tilgangurinn með mati á skólastarfi ekki bara sá að meta til að fá tölulegar upplýsingar heldur er markmiðið að fá upplýsingar um hvernig starfið fer fram og hvernig hægt er að bæta það.

Í Mýrarhúsaskóla er leitast við að hafa matið á skólastarfinu fjölbreytt og því er ekki stuðst við eina nálgun heldur nokkrar. Í sjálfsmatsskýrslu skólans er leitast við að hafa niðurstöður eins nákvæmar og hægt er. Niðurstöður geta þó verið trúnaðarmál eða erfitt að greina frá þeim og má þar nefna dæmi um niðurstöður úr nemendasamtölum og athugun á gæði kennslu. Því koma nákvæmar niðurstöðurekki fram við skýrslugerð í því mati þar sem taka þarf tillit til persónuverndar.

Hafa ber í huga að erfitt er að skilgreina nálganir því þær skarast og oft getur mat flokkast að hluta til undir fleiri en eina nálgun. Við matið er stuðst við margs konar matsaðferðir, eigindlegar, megindlegar og blandaðar aðferðir. Lögð er áhersla á að nota aðferðir sem best svara matsspurningunum í hvert sinn og hafa í huga hvernig best er að fá upplýsingar um tiltekinn þátt og hvert er best að leita eftir þeim upplýsingum (Sigríður Sigurðardóttir, 2016). Til þess að tryggja fjölbreytni og auka áreiðanleika er mælt með þremur aðferðum við gagnaöflun:

- Greina fyrirbyggjandi gögn
- Fylgjast með á vettvangi
- Fá fram álit, skoðanir og reynslu helstu hagsmunaaðlia

Sem dæmi má nefna hefðbundnar spurningakannanir (eins og Skólapúlsinn leggur fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra), starfsmannasamtöl sem tekin eru af stjórnendum, einstaklings- og/eða rýnihópaviðtöl s.s. með nemendum í 3. – 5. bekk, matsfundur með skólaráði og nemendaráði, vettvangsathuganir til að skoða kennslu út frá útgefnum viðmiðum og ýmsar aðrar leiðir.

Fjölbreyttar aðferðir geta veitt okkur sýn frá mismunandi sjónarhornum og þannig rennt styrkari stoðum undir niðurstöðurnar. Sem dæmi má nefna að nemendur í 6. bekk fara reglulega í hefðbundnar spurningakannanir hjá Skólapúlsinum en viðhorf þeirra koma líka fram á rýnifundum og þegar samráð er haft við nemendaráð. Þannig styrkist matið.

4.1 Grunnur að sjálfsmatsáætlun

Hér fyrir aftan er að sjá grunn að sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárin 2024-2028. Í grunninum koma fram fastir matsþættir sem mældir eru árlega auk þátta sem mældir eru annað hvert ár. Í viðauka er gerð grein fyrir hverjum matsþætti fyrir sig auk viðmiða um árangur. Eins og síðar kemur fram nær þessi tafla ekki yfir allt mat í skólanum því áætlanir kunna að



breytast, verkefni að bætast við eða detta út, óvæntar aðstæður geta komið upp o.s.frv. Skólinn leggur þó áherslu á að flest sé hér að finna. Neðar í þessu skjali er gerð grein fyrir öðrum verkefnum sem einnig lúta að mati en eru ekki tímasettar eða fastur liður í skólastarfinu og/eða ekki gerðar af skólanum sjálfum.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	- Kynning á matsáætlun - Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar - Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim - Nemenda og foreldrasamtöl – sjálfsmat nemenda	- Matsteymi - Skólastjórnendur - Kennarar/skólastjórnendur - Kennarar
September	- Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-6. bekk - Aston Index 2. – 6. bekkur - Skólakynningar fyrir foreldra	- Umsjónarkennarar/sérkennarar - Sérkennarar - Umsjónarkennarar
Október	- Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum. - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 2. – 5. bekk - Skólapúlsinn fyrir 6. bekk - Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir í 3.-6. bekk - Samráðsfundir starfsfólks skólans og foreldra	- Aðstoðarskólastjóri /námsráðgjafi og umsjónarkennarar - Aðstoðarskólastjóri /umsjónarkennarar - Aðstoðarskólastjóri /umsjónarkennarar - Umsjónarkennarar/sérkennarar - Stjórnendur/ Umsjónarkennarar/verkefnastjóri UT
Nóvember	Mat á kennslustundum	Stjórnendur/kennarar



Desember		
Janúar	▪ Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-6. bekk ▪ Fundir með nemendum í 5. og 6. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) ▪ Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinum)	▪ umsjónarkennarar/ sérkennarar ▪ Stjórnendur/ námsráðgjafi/ umsjónarkennarar ▪ Stjórnendur/matsteymi
Febrúar	▪ Matsfundur í skólaráði ▪ Starfsmannasamtöl (febr-apríl) ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun (lögð fyrir 2025 og 2027). ▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun (lögð fyrir 2026 og 2028) ▪ Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir 3.- 6.b ▪ Mat á líðan í 1. – 6.bekk. Rýnihópaviðtölvíð 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum.	▪ Skólastjóri /aðstoðarskólast. ▪ Skólastjórnendur ▪ Skólastjórnendur/matsteymi ▪ Skólastjórnandur/matsteymi ▪ Umsjónarkennarar/ sérkennarar ▪ Námsráðgjafi/aðstoðarskólastjóri
Mars	▪ Skólapúlsinn fyrir 2. – 5. bekk	▪ Aðstoðarskólastjóri /umsjónarkennarar
Apríl	▪ Mat á hæfniviðmiðum og kennsluáætlunum ▪ Skólapúlsinn fyrir 6. bekk	▪ Kennarar/stjórnendur ▪ Aðstoðarskólastjóri /umsjónarkennarar



Maí	▪ Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-6. bekk	▪ Umsjónarkennarar/ sérkennarar
Júní	▪ Yfirferð lögbundinna áætlana ▪ Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla	▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi/ stjórnendur

Skólapúlsinn gerir stærstu meginlegu kannanirnar og sendir skólanum niðurstöður. Um er að ræða kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.

Vera kann að skólinn ákveði að leggja fyrir aðrar kannanir en hér eru nefndar. Sem dæmi má nefna tengslakannanir sem oft eru lagðar fyrir í bekkjum þar sem samskipti eru erfið eða verið er að raða í nýja bekki. Skóli er lifandi samfélag og stundum þarf að bregða út af áætlunum og fara aðrar leiðir.

4.2 Skimanir stoðþjónustu

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri halda utan um stoðþjónustu skólans. Í samvinnu við sérkennara hefur verið settur upp listi yfir skimunarpróf til að fylgjast með framvinu náms og finna þá nemendur sem eiga við námserfiðleika að etja. Tekið skal fram að þó svo að sérkennari sé ábyrgur fyrir ákveðnum þáttum þá lýtur það fyrst og fremst að yfirstjórn verkefnanna.

Bekkur	Próf	Tími	Ábyrgur
1. bekkur	▪ Leið til læsis ▪ Lesfimiþróf MMS (fyrir læsa nem.)	▪ september ▪ Sept., jan. og maí	▪ Umsjónarkennarar og sérkennari ▪ Umsjónarkennarar og sérkennarar
2. bekkur	▪ Aston Index, stafsetning ▪ Lesfimiþróf MMS	▪ September ▪ Sept., jan. og maí	▪ Sérkennarar ▪ Umsjónarkennarar og sérkennarar



3. bekkur	- Aston Index Stafsetning - Lesfimiþróf MMS - Orðarún	- September - Sept., jan. og maí - Október og febrúar	- Sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar
------------------	---	---	---

4. bekkur	- Aston Index Stafsetning - Lesfimiþróf MMS - Orðarún	- September - Sept., jan. og maí - Október og febrúar	- Sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar
------------------	---	---	---

5. bekkur	- Aston Index Stafsetning - Lesfimiþróf MMS - Orðarún	- September - Sept., jan. og maí - Október og febrúar	- Sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar
------------------	---	---	---

6. bekkur	- Aston Index Stafsetning - Lesfimiþróf MMS - Orðarún	- September - Sept., jan. og maí - Október og febrúar	- Sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar - Umsjónarkennarar og sérkennarar
------------------	---	---	---

4. Lokaorð

Eins og fram kom í inngangsorðum er markmið þessarar áætlunar að leggja grunn að sývirku umbótastarfi í Grunnskóla Seltjarnarness með hagsmunum nemenda að leiðarljósi. Stjórnendur lögðu strax í upphafi áherslu á að gera áætlun sem þeir töldu að væri



framkvæmanleg í skólaumhverfinu, ekki of umfangsmikil.

Við teljum mikilvægt að í Mýrarhúsaskóla fari mestur tími kennara í að undirbúa og þróa kennsluna, sinna nemendum og starfsþróun, enda teljum við það koma nemendum okkar best, vera mikilvægustu verkefni skólans. Við gerð áætlunarinnar var því horft til þessarar áherslu. Markmiðið er samt að virkja kennarana í matinu en án þess þó að íþyngja þeim umof.

Í matinu teljum við mikilvægt að skólinn horfi til þess að ná eigin markmiðum og bæta innra starf. Að miða sig stöðugt við aðra skóla getur verið erfitt því ytri þættir eins og uppbygging hverfa, reynsla starfsfólks, menntunarstig foreldra og samsetning nemenda getur verið ólík eftir skólum. Við teljum því mikilvægt að horfa til framfara, að meta út frá eigin viðmiðum og gleyma því ekki að horfa á það sem vel gengur í skólanum og styrkja þá þætti. Þó svo að samanburður sé góður þá verðum við að vera meðvituð um að skólar geta verið mjög ólíkir og því varla samanburðarhæfir.

Skólastarf þarf að vera í stöðugri þróun m.a. vegna breytinga í umhverfi skóla, vegna tækniþróunar, vegna breyttra áherslna og stefnu löggjafans og eftirlitsaðilans, vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu, vegna ólíkra nemenda o.s.frv. Sjálfsmatið þarf að þróast eins og annað starf skólans og mikilvægt er að meta ávallt það sem skólinn er að gera og huga jafnfram að því sem hann ætti að vera að gera. Sjálfsmat skóla er hringferli sem eðli málsins samkvæmt tekur aldrei enda og er því í stöðugri þróun.



5. Heimildaskrá

Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Sótt 15. jan. 2018 af
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009. Sótt 15. jan. 2018 af
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/658-2009>

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2011).

Leiðbeiningar um innra mat skóla. Sótt 15. jan. 2018 af
<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6905/Lei%C3%B0beiningar-um-innra-mat-uppsett-loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf?sequence=1>

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 16. jan. 2025 af chrome-extension://efaidnbmnnnibpcajpcglclefindmkaj/https://mms.is/sites/mms.is/files/innra_mat_grunnskoli.pdf

Skólapúlsinn. (e.d.). Um vefkerfið. Sótt 15. jan. 2018 af http://skolapulsinn.is/um/?page_id=98

